

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki (FNV), kt. 431080-0289 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig FNV uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

FNV er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FNV þjóna því.

Einkunnarorð skólans: Vinnusemi, virðing, vellíðan.

Stjórnendur leitast við á hverjum tíma að skapa þær aðstæður á vinnustað að þar ríki vinnusemi, gagnkvæm virðing starfsfólks og nemenda og vellíðan allra sem við skólann nema og starfa.

Hlutverk, markmið og áherslur í starfi

Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum og kennsla á iðn- og starfsnámsbrautum, starfræksla sérdeildar fyrir fatlaða nemendur og fjarkennsla um fjarfundabúnað, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Markmið með skólastarfinu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf og frekara nám, efla með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, þjálfa þá í öguðum vinnubrögðum, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra kappkostar að bjóða nemendum sínum upp á fjölbreytt námsframboð, bæði á sviði bók- og verknáms. Hann leitast við að veita nemendum sínum sem besta þjónustu og aðgengi að námi við skólann.




Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að bjóða upp á sem fjölbreyttasta kennsluhætti sem hæfa viðfangsefni kennara og nemenda hverju sinni.

Þetta hyggst skólinn gera með því að:

1. leitast við að ráða til starfa fólk með góða menntun, hæfni og áskilin starfsréttindi,
2. hvetja starfsfólk til að afla sér viðbótar- og endurmenntunar,
3. leitast við að bjóða upp á endurmenntun starfsfólks í heimabyggð eftir því sem aðstæður leyfa,
4. bjóða kennurum og öðru starfsfólki upp á góða vinnuástöðu,
5. bjóða nemendum upp á góða aðstöðu til heimanáms og verkefnavinnu,
6. bjóða kennurum og nemendum upp á gott aðgengi að tölum, tækjum og verkfærum sem eru í takt við kröfur tímans.

Skipurit skólans:



3. Viðfangsefni

FNV stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

<http://www.fnv.is/skolanamskra>

Námsbrautir við FNV:

Eldri námsbrautir

Almennt nám

AB

Stúdentsprófsbrautir:

Félagsfræðabraut - félagsfræðastígur	FÉ-fél
Félagsfræðabraut - sálfræðistígur	FÉ-sál
Félagsfræðabraut - hagfræðistígur	FÉ-hag
Félagsfræðabraut - íþróttastígur	FÉ-íþr
Málabraut	MB
Náttúrufræðibraut - náttúrufræðistígur	NÁ-nát
Náttúrufræðibraut - eðlisfræðistígur	NÁ-eðl
Náttúrufræðibraut - íþróttastígur	NÁ-íþr
Viðskipta- og hagfræðibraut	VH

Grunndeildir og iðnnámsbrautir:

Bifvélavirkjun	BV8
Grunndeild rafíðna	GR
Grunndeild tréiðna	GT
Hársnyrtiíðn	HG8
Húsasmíði	HÚ9
Húsgagnasmíði	HS8
Málmiðngreinar - fyrri hluti	MG
Rafvirkjun	RK9
Vélsmiði	VS8

Starfsnámsbrautir:

Meistaránám - almennt nám	MN
Sjúkraliðanám	SJ
Skrifstofubraut	ÞS
Smáskipanám	
Starfsnám í íþróttافرæðum og íþróttagreinum	ÍÞ
Uppeldisbraut	UP
Viðskiptabraut	VI
Vélstjórnarbraut – A	VVA
Vélstjórnarbraut – B	VVB

Sérdeildir:

Starfsbraut	ST4
-------------	-----

Nýjar námsbrautir**Stúdentsprófsbrautir:**

Náttúruvísindabraut (15-47-3-6), stúdent, 3. hæfniprep

Félagsvísindabraut (15-48-3-6), stúdent, 3. hæfniprep

Fjölgreinabraut (15-45-3-6), stúdent, 3. hæfniprep

Íþróttabraut (15-81-3-6), stúdent, 3. hæfniprep

Hagfræðibraut (15-46-3-6), stúdent, 3. hæfniprep

Hestabraut stúdent, 3. hæfniprep

Starfsnámsbrautir:

Nýsköpunar- og tæknibraut (15-2-2-3), framhaldsskólapróf

Slátrarabraut, starfsnám

Kvikmyndabraut, starfsnám

Plasttæknir, starfsnám

Plastbátasmíði, starfsnám

Sérdeildir:

Starfsbraut (15-49-1-12), starfsbraut

Þær námsbrautir sem ekki hafa fengi númer eru til meðferðar hjá Námsmatsstofnun og möguleg staðfesting á þeim er ekki ávísun á að framlag/nemendaígildi fylgi til kennslu.

b. SkólabragurReglur: <http://www.fnv.is/reglur-skolans>Jafnréttisstefna: <http://www.fnv.is/jafnrettisaaetlun-fnv>Heilsustefna: <http://www.fnv.is/Heilsustefna> FNV (21.01.2013)Áætlun um einelti: <http://www.fnv.is/um-skolann> gr. 2.2.9.13 (21.01.2013)Forvarnastefna: <http://www.fnv.is/um-skolann> gr. 2.2.10 (21.01.2013)Foreldrafélag: <http://www.fnv.is/foreldrafelag>Skólanefnd: <http://www.fnv.is/skolanefnd>Aðrar nefndir: http://www.fnv.is/nefndir_og_rad

Foreldrafélag er starfandi við skólann en það hefur tekið þátt í viðburðum á vegum skólans og nemendafélagsins. Skólinn er þátttakandi í Forvarnateymi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Vínaverkefni á vegum sveitarfélagsins. Þá á skólinn í samstarfi við Hús frítímans á Sauðárkróki um aðgang nemenda að tómsundaaðstöðu þar. Loks má nefna öflugt samstarf við fyrirtæki og stofnanir um eflingu skólahalds við FNV.

c. Innritun og brotthvarfInntökuskilyrði: <http://www.fnv.is/inntokuskilyrði>

Brotthvarf (% eininga) 2009-H til 2014-H:

	2009- H	2010- V	2010- H	2011- V	2011- H	2012- V	2012- H	2013- V	2013- H	2014- V	2014- H
Dagskóli	7,0	6,8	6,0	5,4	5,1	6,0	4,5	4,6	3,7	3,5	2,5
Kvöldskóli			11,0	1,2	6,5						
Fjarnám			31,4	15,9	25,0	15,5	32,1	20,0	16,0	19,4	28,7
Alls	7,0	6,8	8,8	6,2	7,0	7,1	6,6	5,6	5,0	5,7	5,9

d. Kennslufyrirkomulag

Nám í áfangaskóla:

<http://www.fnv.is/nam-i-afangaskola> (22.01.2013)

e. Nemendur með sérþarfir

Skólinn býður upp á fjögurra ára nám á starfsbraut sem ætluð er nemendum sem koma úr sérdeildum grunnskóla og þeim sem uppfylla ekki inntökuskilyrði í framhaldsskóla. Um einstaklingsbundið nám er að ræða þar sem opið er fyrir þann möguleika að nemendur geti einnig stundað nám í áföngum af öðrum námsbrautum skólans allt eftir stöðu hvers og eins. Hluti nemenda stundar nám í einstökum áföngum í verknámsdeildum skólans. Þá er mjög gott samstarf við fyrirtæki og stofnanir á svæðinu um starfsþjálfun á vinnustað sem oft hefur skilað nemendum framtíðarstarfi.

Nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur staðið til boða að stunda nám í íslensku fyrir útlendinga. Þá hefur móðurmál þeirra verið metið í stað Norðurlandamáls. Þá eru dæmi um að annað tungumál viðkomandi hafi verið metið í stað þriðja tungumáls.

f. Mat og eftirlit með gæðum

Um sjálfsmat: <http://www.fnv.is/sjalfsmat-skolans> (21.01.2013)

Niðurstöður innra mats: <http://www.fnv.is/sjalfsmatsskyrslur>

Niðurstöður úttektar sem framkvæmd var af mennta- og menningarmálaráðuneytinu 15. október 2013: <http://www.menntamalaraduneyti.is/ahugavert/nr/8005>

4. Sérstök rekstrarverkefni

Skólinn rekur heimavist fyrir nemendur utan Sauðárkróks, en mötuneyti skólans er útvistað og í höndum Grettistaks ehf.

Skólinn rekur framhaldsdeildir á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík. Um er að ræða samstarfsverkefni skólans og viðkomandi sveitarfélaga.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla) ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. Markmið

Markmið FNV eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt. Sjá viðauka.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni FNV styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst. Sjá viðauka.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FNV. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykkt áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2019.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Janúarhljóði 25/6 2015

Staður og dagsetning


Mennta- og menningarmálaráðherra


Skólameistari


FNÓLBRAUTASKÓLI
NORÐURLANDS VESTRA
Skólameistari

Viðauki við skólasamning 2015-2019

Helstu áherslur og markmið á samningstímanum eru:

- i. Hlutfall nýnema af Norðurlandi vestra hækki úr 62% í 65% á árunum 2015-2019. Þessu markmiðum verði m.a. náð með:
 - i. Skipulögðum heimsóknum grunnskólanema á Norðurlandi vestra í FNV á vorönn ár hvert.
 - ii. Samstarfi við grunnskóla á Norðurlandi vestra um nám grunnskólanema á framhaldsskólastigi frá og með haustönn 2012.
 - iii. Með kynningu á iðnnámi við FNV fyrir grunnskólanemendur.
 - iv. Áframhaldandi samstarfi við grunnskóla um stærðfræðikeppni FNV og 9. bekkjar.
 - v. Áframhaldandi dreifnámi á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík.
2. Skólinn framkvæmi árlegar viðhorfskannanir meðal nemenda skólans í því augnamiði að kanna m.a. líðan þeirra og viðhorf til skólans. Markmið skólans er að hækka jákvætt viðhorf nemenda úr 77% árið 2014 í 80% árið 2019 og jafnframt að hlutfall þeirra sem líður vel í skólanum hækki úr 77% árið 2014 í 80% árið 2019.
3. Skólinn stefnir að því að brotthvarf 2014-2019 fari ekki upp fyrir 6,6% miðað við fjölda skráðra námseininga 15. október og 15. febrúar ár hvert.
4. Skólinn leitist við að bjóða sem flestum nemendum nám við hæfi. Til að mæta þessu markmiði stefnir skólinn á að bjóða fram nám í eftirtöldum greinum til viðbótar námsframboði skólans árið 2015 ef næg þátttaka fæst og skilyrðum námskrár sé fullnægt jafnvel þótt framlag/nemendaígildi fylgi ekki:
 - i. Kvikmyndagerð
 - ii. Plastiðnir
 - iii. Starfsnám fyrir slátrara
 - iv. Hestabraut
5. Skólinn taki upp ISO staðla á vorönn 2016.
6. Skólinn haldi áfram góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Samstarf þetta nái m.a. til samvinnu um:
 - i. Verkefni fyrir nemendur í húsasmíði.
 - ii. Framkvæmd á stærðfræðikeppni FNV og 9. bekkjar á Norðurlandi vestra.
 - iii. Nám og kennslu í samstarfi við fyrirtæki innan og utan Skagafjarðar s.s. Loðskinn ehf., Fisk Seafood, sláturhús og fyrirtæki í plastiðnaði um land allt.
7. Þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum verði haldið áfram. Nú þegar eru eftirfarandi verkefni í gangi:

- i. Erasmus+. Additive Manufacturing, adding high-tech in education. Verkefni í samvinnu við skóla í Tékklandi, Belgíu, Þýskalandi og Noregi. Verkefnið hófst haustið 2014 og lýkur haustið 2016.
- ii. Nordplus Junior. Creative Environment, Creative Thinking. Verkefni í samvinnu við skóla í Danmörku, Svíþjóð, Finnland, Lettland og Eistland. Verkefnið hefst haustið 2015 og lýkur haustið 2017.

Tímabundin verkefni:

1. Þróun starfsnámsbrautar í kvikmyndagerð. Áætluð lok 1. janúar 2016.
2. Þróun námsbrautar fyrir slátrara. Áætluð lok 31. maí 2015.
3. Undirbúningur að námi í plastiðnum. Áætluð lok 31. maí 2015.
4. Þróun námsbrautar í vélvirkjun í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði og Verkmenntaskóla Austurlands. Áætluð lok 1. ágúst 2015.
5. Þróun námsbrautar í hestamennsku í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Áætluð lok 31. maí 2015.